

Sþ.

168. Nefndarálit

[15. mál]

um till. til þál. um skipun nefndar til að gera tillögur um aukna atvinnu í kaupstöðum og kauptúnum.

Frá meiri hl. allsherjarnefndar.

Nefndin hefur ekki orðið ásátt um afgreiðslu málsins. Meiri hl. nefndarinnar leggur til, að málið verði afgreitt með rökstuddri dagskrá, en minni hl. (FJ og LJós) vill samþykkja tillöguna óbreytta.

Allsherjarnefnd hafði leitað álits ráðuneytisins um málið. Ráðuneytið svaraði erindi nefndarinnar með bréfi og tilkynnir, að það hafi þegar hafizt handa um athugun á málinu.

Meiri hl. nefndarinnar er þeirrar skoðunar, að þar sem ráðuneytið hefur tekið þetta mál til meðferðar, þá muni lítil vinningur vera við það, að þingið fyrirskipi, að nefnd skuli sett til ákvarðana um það, hvað gera skuli til aukningar atvinnu, þar sem slíkra ráðstafana þarf með. Undir slíkum kringumstæðum mun ríkisvaldið verða að láta sig slík mál miklu skipta, og mun heppilegast, að ríkisstjórnin hafi þegar frá upphafi málið í sinni hendi til ákvarðana og úrræða.

Meiri hlutinn leggur til, að málið verði afgreitt með svo hljóðandi

RÖKSTUDDRI DAGSKRÁ:

Með því að ríkisstjórnin hefur ákveðið að beita sér fyrir því, að rannsakað verði atvinnuástand og atvinnuhorfur í kaupstöðum og kauptúnum landsins og leitað verði úrræða til atvinnuaukningar, þar sem þess er talin þörf, þykir Alþingi ekki ástæða til, að skipuð verði sérstök nefnd til að framkvæma slíka athugun, og tekur fyrir næsta mál á dagskrá.

Alþingi, 14. nóv. 1950.

Jóhann Þ. Jósefsson,
form.

Jörundur Brynjólfsson,
frsm.

Jón Gíslason,
fundaskr.

Jón Sigurðsson.

Stefán Stefánsson.